



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 24. júní 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:20 - 20:30.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Kolbeinn Stefánsson, Viggó K. Jóhannsson og Katrín Baldursdóttir. Jóhann Helgi Heiðdal, Hjalti Hrafn Hafþórsson og Laufey Ólafsdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.

2. Fundir undanfarið og framundan

a. Liðnir fundir: Meistaradeildin, lýðræðismál, Borgarstjórnarfundur/kjörnefnd um lýðræðismál og Sósíalískir femínistar

Farið var yfir fundina sem gengu yfirleitt vel. Sósíalískir femínistar ákváðu að senda ákall til verkalýðsforystunnar um land allt um að hún vinni að valdeflingu kvenna.

b. Umhverfis- og loftslagsmál næsta laugardag

Rætt var um skipulagningu fundarins og mögulega ræðumenn.

3. Starfið í sumar

Rætt var hvort fella ætti einhverja framkvæmdastjórnarfundir niður í sumar. Ákvörðun frestað.

4. Fjármál

Frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

Umræða fór fram um ályktanir í nafni flokksins.